

3. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Kennarar: Auður H. Jónatansdóttir og Ingibjörg Pálmadóttir

Nemendur: 52

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Menntagildi námsgreinar:

Allir hafa hæfileika til að skapa. Í textílmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir veiga og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfspekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Í textílmennt eru lykilþættirnir skapandi hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð og mat á eigin námi.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Handverk	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,• unnið úr nokkrum gerðum textílefna,• unnið eftir einföldum leiðbeiningum,	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur þjálfast í að nota áhöld sem tilheyra greininni.• Nemendur vinna með ýmiss konar efnivið á fjölbreyttan hátt.• Áhersla lögð á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.
Sköpun, hönnun og útfærsla.	<ul style="list-style-type: none">• tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,• skreytt textílvinnu á einfaldan hátt• gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,• leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum,	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur vinna útsaumsverkefni sem er samþætt verkmenntinni.• Nemendur vinna verkefni með textílmálningu, lérefti, java, filtefni, skreytiefni og fl..

Menning og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt, • sagt frá nokkrum tegundum textílefna, • fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna • notað ný og endurunnin efni í textílvinnu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið er með íslensku ullina, fjallað um uppruna hennar og notagildi. • Umræður um fatnað fyrr og nú. • Nemendur vinna verkefni með þurrþæfingu • Nemendur vinna verkefni úr efnisafgöngum.
Námsmat Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína meðan á henni stendur. Í lok textíltímabils er lokamat skráð í Mentor.		